# LEIÐBEININGAR FYRIR SIGNET TRANSFER

## INNSKRÁNING

Opnaðu https://transfer.signet.is/ og smelltu á Innskráning.




Í næsta skrefi skráir þú þig inn með rafrænum skilríkjum á síma, korti eða appi.



## BÆTA VIÐ OG EYÐA NOTANDA

Bæta við notanda til þess að geta sent skrár til einstaklinga og senda í nafni fyrirtækis[1]:

1. Veldu ***Fyrirtækjaumsjón***
2. veldu ***Notendur***
3. smelltu á ***Nýr notandi*** fyrir ofan töfluna yfir notendur

Eyða notanda:

1. Veldu ***Fyrirtækjaumsjón***
2. smelltu á ***Fjarlægja*** við notandann sem á að eyða út
3. eða smelltu á ***Breyta*** og veldu ***Ekkert*** fyrirtæki og smelltu á ***Vista***




[1] ATH hægt er að hafa stillt á möguleikann að senda í nafni fyrirtækis og það samsvarar kostnaði 1 notanda á mánuði.

Breyta notanda:

1. Veldu ***Fyrirtækjaumsjón***
2. Smelltu á ***Breyta***



## HÓPAR FYRIRTÆKIS

Veldu ***Fyrirtækjaumsjón*** -> ***Hópar*** til að sjá yfirlit yfir þína hópa, breyta hópum og stofna nýjan hóp.




## MÓTTÖKUHÓPUR - FYRIRTÆKJAHÓPUR

Fyrirtækjahópar eru sýnilegir öllum á almenna svæði Signet transfer (transfer.signet.is) undir ***Senda á fyrirtæki***.

Fyrirtækjahópar eru einnig hluti af almennu síðu fyrirtækisins, en tengil á almennu síðu fyrirtækisins er hægt að setja t.d. á heimasíðu eða undirskrift í tölvupósti.

Tengil fyrir almennu síðu þíns fyrirtækis getur þú fundið með því að smella á tengilinn eins sýnt er hér:



Að stofna fyrirtækjahóp:




Að stofna eða breyta fyrirtækjahóp þarf að skrá nafn, netfang og bæta við meðlimum.

Aðeins meðlimir hóps geta ***sótt*** skrárnar sem berast á hópinn, þegar skráin hefur verið sótt einu sinni er henni eytt sjálfkrafa úr kerfinu. Meðlimi þarf að skrá með kennitölu.

Tilkynning um nýja skrá er send á netfang hópsins, en ekki á netfang hópmeðlima. Hægt er að skrá fleiri en eitt netfang með því að aðskilja með ;.



## MÓTTÖKUHÓPUR - EINKAHÓPUR

Einkahópar eru hluti af einkasíðum sem fyrirtæki geta látið setja upp fyrir sig eða verið partur af einkasíðu sem samanstendur af nokkrum fyrirtækjum sem eiga í reglulegum samskiptum. Hafðu samband við Signet á signet-help@advania.is til þess að láta stilla upp einkasíðu.

Einkahópar eru ***ekki*** hluti af almennu síðunni og eru ***ekki*** sýnilegir undir Senda á fyrirtæki.

Að stofna einkahóp:







Fyrir fyrirækjahóp og einkahóp er hægt að setja slóð á endapunkt sem er látinn vita af nýjum skrám ef ætlunin er að útfæra sjálfvika móttöku skráa. Hér þarf fyrirtækið að vera meðlimur í hópnum og útfæra þarf vefþjónustusamskipti við kerfið til að klára sjálfvirknina. Frekari upplýsingar um þessa virkni er hægt að fá með því að hafa samband við signet-help@advania.is.

## EINSTAKLINGSHÓPUR (FLÝTILEIÐ FYRIR HÓP AF EINSTAKLINGUM)

Einstaklingshópar eru „flýti-hópar“ sem notendur fyrirtækisins geta notað til þess að senda á einstaklingana í hópnum á fljótlegan hátt undir ***Senda á einstaklinga***.

Að stofna einstaklingshóp:




Fylltu inn upplýsingar:




ATH að einstaklingshópur er ekki móttökuhópur.

Einstaklingshópar birtast notendum fyrirtækisins undir ***Senda á einstaklinga***:




## YFIRLIT YFIR MEÐLIMI Í HÓPUM FYRIRTÆKIS

Í þessari töflu er að finna yfirlit yfir allt starfsfólk sem getur móttekið gögn sem berast á móttökuhópa fyrirtækisins. Hægt er að fjarlægja móttakanda úr öllum hópum í einni aðgerð:



## SENDA SKRÁR TIL EINSTAKLINGA

Þegar þú hefur skráð þig inn opnast síða þar sem þú getur sent skrár til einstaklinga.

Notendur fyrirtækja eða notendur í áskrift geta sent skrár til einstaklinga.

Hægt er að hafa stillt á möguleikann að ***senda í nafni fyrirtækis***.



## SENDA SKRÁR TIL FYRIRTÆKJA MEÐ MÓTTÖKUGÁTT

Allir einstaklingar með rafræn skilríki geta skráð sig inn og sent skrá á móttökuhópa þeirra fyrirtækja sem hafa móttökugátt.




## YFIRLIT YFIR SENDAR OG MÓTTEKNAR SKRÁR

Undir Yfirlit skráa getur þú séð yfirlit yfir bæði sendar og mótteknar skrár allt að 90 daga aftur í tímann.



## TAKA Á MÓTI SKRÁ

Smelltu til að sækja skrá úr skjalalistanum eða smelltu á hlekkinn í tölvupóstinum.

Ef smellt er á hlekkin í tölvupóstinum opnast síða með upplýsingum um skrána og hnapp til að sækja.

Smelltu á Sækja skrá til þess að hlaða niður skránni.




## MÍNIR HÓPAR

Veldu ***Mínir hópar*** til þess að sjá yfirlit yfir þína hópa, breyta hópum og stofna nýjan hóp.

Allir notendur geta stofnað hóp af einstaklingum sem gott er að hafa sem flýtileið ef oft þarf að senda gögn á sömu einstaklingana.



Notendur geta valið sína hópa (ásamt einstaklingshópum fyrirtækisins) undir ***Senda á einstaklinga***:




## ANNAÐ

Gott er að breyta stillingum í vefskoðara varðandi niðurhal á skrám þannig að spurt er hvar eigi að vista skrá áður en henni er hlaðið niður. Þetta er gert með því að fara í stillingar fyrir vefskoðarann.